# Venesúela: Ólíkur fréttaflutningur rússneskra og þýskra fjölmiðla




**Thomas Röper þykir sérfræðingur í málum Austur-Evrópu. Hann sinnti stjórnarformennsku og eftirliti innan ýmissa fjármálafyrirtækja í Austur-Evrópu og Rússlandi áður en hann ákvað að búa sér heimili í Pétursborg sem sjálfstæður fyrirtækjaráðgjafi. Þungamiðja fjölmiðlagagnrýni hans er fréttaímynd Rússlands í Þýskalandi, gagnrýni á fréttaflutning vestrænna fjölmiðla almennt og þemun stjórnmál, landstjórnmál og efnahagsmál.**

Thomas Röper rekur vefsíðuna www.anti-spiegel.ru Hann er fæddur 1971 og hefur búið frá 1998 mikið til í Rússlandi. Hann þykir sérfræðingur í málum Austur-Evrópu. Hann sinnti stjórnarformennsku og eftirliti innan ýmissa fjármálafyrirtækja í Austur-Evrópu og Rússlandi áður en hann ákvað að búa sér heimili í Pétursborg sem sjálfstæður fyrirtækjaráðgjafi. Þungamiðja fjölmiðlagagnrýni hans er fréttaímynd Rússlands í Þýskalandi, gagnrýni á fréttaflutning vestrænna fjölmiðla almennt og þemun stjórnmál, landstjórnmál og efnahagsmál. Þann 1. feb 2019 skrifaði hann eftirfarandi um núverandi ástandið í Venesúela:
„Ástandið í Venesúela er ennþá þrungið spennu og enn ekki ljóst hver muni vinna baráttuna um völdin þar í landi. Herinn hefur ekki tekið skýra afstöðu, þótt hann standi hingað til með Maduro sitjandi forseta. Einnig hefur tilboðið um sakaruppgjöf sem stjórnarandstæðingurinn Guaido tilkynnti ekki breytt neinu um þetta. Þann 31. jan 2019 viðurkenndi að vísu ESB-ráðið Guaido sem forseta en það er eingöngu táknræn ákvörðun því það hefur engin áhrif á stjórnmálin innan ESB. Utanríkisráðherrar ESB gátu ekki sameinast um neina sameiginlega stefnu á fundi sem þeir héldu. Flest Vestur-Evrópsku löndin vilja lýsa yfir stuðningi við Guaido kalli Maduro ekki til nýrra kostninga, á meðan Austur-evrópsku löndin segist að vísu vera hlynnt stjórnarandstöðunni en hafna hingað til opinberri viðurkenningu á henni. ESB hefur þar að leiðandi enga sameiginlega stefnu.
Bandaríkin standa að baki Guaido og beita þrýsingi. Þau reyna með efnahagsþvingunum að stöðva fjárhagsflæði Maduros og beina þessari innkomu til stjórnarandstöðunnar.
Eins er hótað mjög opinskátt með hernaðaríhlutun USA. Maður skyldi halda að það besta væri ef stjórn og stjórnarandstaða settust að samningaborðinu. Allt annað væri hræðilegt fyrir þetta fátæka land og íbúa þess, svo ekki sé minnst á að í versta falli væri borgarastyrjöld yfirvofandi. Á meðan Maduro er reiðbúinn til viðræðna, hafnar Guaido þeim alfarið. Það kom í ljós í viðtali hjá CNN (útskýring: USA sjónvarpsstöð með bækistöðvar í borginni Atlanta í Georgíufylki) hversu mjög Guaido vonast eftur hjálp frá USA. Þótt hann hafi þar talað gegn hernaðarlegri innrás USA útilokaði hann hana ekki heldur. Þessum manni - svo það sé alveg ljóst - eru völdin svo mikilvæg að hann ætlar sér þau, jafnvel þótt það kosti stríð milli USA og Venesúela. En hversu göfugar og lýðræðislegar geta forsendur manns verið sem ekki einu sinni hvikar þrátt fyrir hættu á stríði gegn eigin þjóð? Í þessari umfjöllun er sérstaklega áhugavert hvernig hún er kynnt í fjölmiðlum. Í tímaritinu Spiegel er yfirskriftin „Valdabarátta í Venesúela“ – „Maduro er einræðisherra“ – „Guaido vill ekki viðræður við þjóðhöfðingjann“. Spiegel leggur sumsé áhersluna á „vonda einræðisherrann“ Madúro. Það á að vekja lesandanum skilning gagnvart manni sem hafnar viðræðum og hikar ekki einu sinni við

Bandarískt stríð í eigin landi. Í Rússlandi eru hinsvegar fyrirsagnir TASS við þessa umfjöllun: „Guaido útilokar ekki möguleika hernaðarlegar íhlutunar USA.“ Rússneska fyrirsögnin er í mínum augum miklu nær sannleikanum, en allir hafa rétt á sinni eigin skoðun.“
Svo hljóðar mat Thomas Röpers sem hann gerir opinbert á fjölmiðla-gagnrýninni heimasíðu sinni www.anti-spiegel.ru. Það mun verða hægt að fylgjast með því hvernig staðan þróast í Venesúela. Hér virðist þó, eins og alltaf, ráðlagt að hlusta beint á hina ólíku málsaðila og mynda sér síðan sína eigin skoðun.

**eftir hm.**

## Heimildir:

https://www.anti-spiegel.ru/2019/venezuela-wie-unterschiedlich-deutsche-und-russische-medien-berichten/

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

---

## Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.